



Samfélagslist sem aðferð til að auka þátttöku barna í félagsráðgjöf

Hervör Alma Árnadóttir, félagsráðgjafi MSW, lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Martha María Einarsdóttir, félagsráðgjafi MA, Þjónustumiðstöð Breiðholts



Hervör Alma Árnadóttir



Martha María Einarsdóttir

Útdráttur

Samfélagslist er félagslegt listform sem listamenn vinna oft í samvinnu við borgarana með það markmið fyrir augum að rýna í tiltekin málefni og vekja á þeim athygli. Samtökin Barnaheill – Save the children á Íslandi stóðu árin 2014 til 2016 fyrir list-sýningunni *Óskir íslenskra barna* til að vekja athygli á fátækum börnum og á ofbeldi gagnvart börnum. Greinin byggist á niðurstöðum rannsóknar á ummælum barna eftir að þau höfðu séð sýninguna. Markmiðið er að athuga hvort samfélagslist getur nýst félagsráðgjöfum til þess að styðja börn til þátttöku í umræðu um erfið málefni. Tilgangurinn er að benda á skapandi leiðir til aukinnar þátttöku barna í samfélaginu. Rannsóknin var eigindleg og unnið með gögn sem urðu til á sýningunni, nefnilega óskir sem börn skrifuðu á miða eftir að hafa gengið um sýninguna. Niðurstöður benda til þess að aðferðina megi nýta til að styðja börn til þátttöku. Tekist hafi að skapa vettvang fyrir börn til að tjá sig um upplifun sína af viðfangsefni sýningarinnar og setja fram í því sambandi skilaboð um betra líf fyrir börn. Höfundar velta því fyrir sér hvort félagsráðgjafar geti nýtt sér fjölbreytt form samfélagslistar til þess að auka þátttöku barna.

Lykilorð: börn, fátækt, ofbeldi, samfélagslist, þátttaka.

Abstract

Community art is a social form of art practice where artists often work in collaboration with the public with the aim of placing certain issues in focus and under scrutiny. The organization Barnaheill — Save the children in Iceland organized an art exhibition in 2014–16 entitled *The Wishes of Icelandic Children* in order to put children's poverty and violence aimed at them into focus. This paper is based on the results of a study on the wishes and comments made by children after having seen the exhibition. It is an examination of whether it is feasible to use community art in order to support children's participation in discussing difficult issues, with the aim of highlighting creative ways to increase children's general participation in society. The research was qualitative and the data used was made during the exhibition. This data was in the form of wishes the children wrote down after having viewed the exhibition. The results indicate that the exhibition was successful in creating a podium where children were able to express their experiences as well as presenting wishes and comments relating to how to

improve children's life. The authors speculate as to whether social workers can utilize the diverse possibilities of community art in order to increase the participation and activity of children.

Keywords: children, poverty, violence, community art, participation.

Inngangur

Bókmenntir, leiklist og myndlist eru listform sem hafa lengi verið nýtt til þess að benda á félagslega mismunun í samfélögum og til að kalla eftir samfélagslegum breytingum (Landry, 2006; Visser-Rotgans og Marques, 2014). Með því að taka fyrir málefni samfélagsins og setja fram í formi listsköpunar er vakin athygli á stöðu ákveðinna hópa og um leið kallað eftir umræðu um málefnið í því skyni að vinna að félagslegum umbótum (Visser-Rotgans og Marques, 2014). Samfélagslist (e. community art) er einn angí samfélagsvinnu (e. community work) sem er starfsaðferð í félagsráðgjöf (Farley, Smith og Boyle, 2006). Samfélagslist er félagslegt listform þar sem listamenn vinna í samvinnu við borgara með það að markmiði að vekja athygli á samfélagsástandi eða áskorunum sem samfélagið stendur frammi fyrir. Þátttakan í sköpunarferlinu er talin mikilvægari en endanlegt listaverk. List getur hjálpað til við að móta menningu sem einkennist af vísýni og hæfir fjölbreyttu samfélagi (Visser-Rotgans og Marques, 2014).

Í tilefni af 25 ára afmæli Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna árið 2014 stóðu samtökin Barnaheill – Save the children á Íslandi fyrir ljósmyndasýningunni *Óskir íslenskra barna* (Barnaheill, 2014). Sýningin var sett upp á höfuðborgarsvæðinu auk nokkurra staða á landsbyggðinni. Sýninguna má flokka undir samfélagslist þar sem markmið hennar var að vekja athygli á fátækt og ofbeldi í lífi barna í íslensku samfélagi og auka umræðu um þau efni. Á sýningunni voru ljósmyndir af börnum og textar úr Barnasáttmálanum sem varða rétt barna,



• auk textabrota byggðra á reynslusögum íslenskra barna sem höfðu upplifað ofbeldi eða fátækt. Sýningin var opin almenningi en öllum grunnskólabörnum á höfuðborgarsvæðinu og nokkrum stöðum utan þess var boðið sérstaklega á hana. Til þess að fylgja markmiðum sýningarinnar eftir var útbúið námsefni til þess að styðja fagfólk við að vinna með upplifun barnanna sem sýninguna sóttu. Litið var á sýninguna sem lifandi ferli. Með því að setja sýninguna upp á gagnvirkan hátt var gestum sköpuð aðstaða til að tjá upplifun sína og láta rödd sína heyrast um þessi viðkvæmu málefni, líkt og kveðið er á um í 12. grein laga um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013. Þar með var börnum veitt tækifæri til að tjá sig og hafa áhrif á samfélag sitt. Það er mikilvægur liður við að þroska borgaralega vitund þeirra og efla þátttöku þeirra í lýðræðissamfélagi (Guðrún Kristinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir, 2015).

Leiðir til að auka þátttöku barna

• Vaxandi áhugi hefur verið á því á síðustu áratugum að auka tækifæri almennings til þess að hafa áhrif á samfélag sitt með áherslu á þátttöku sem grundvöll lýðræðis (Gunnar Helgi Kristinsson, 2014). Á sama tíma hefur fagleg umræða um bernskuna og börn sem hæfa þátttakendur í lýðræðissamfélagi eflst (McLeod, 2007; Vis, Strandbu, Holtan og Thomas, 2011) og með samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins hafa ríki heims staðfest að þátttaka barna sé nauðsynleg forsenda samfélagslegrar þróunar. Markmið samningsins er að standa vörð um mannréttindi barna og rétt þeirra til þátttöku í málefnum sem þau varða. Þátttaka barna hefur verið skilgreind sem réttur barns til þess að taka þátt í og fá stuðning til þess að bera ábyrgð á ákvörðunum sem varða líf þess og aðstæður, en að um leið sé borin virðing fyrir þörf barna fyrir vernd (Hart, 1992).

• Áhersla á þátttöku barna hefur verið gagnrýnd og því haldið fram að ekki sé nógu varlega farið og hæfni þeirra dregin í efa (Fleming, 2012; Hammersley, 2017). Margir fagmenn virðast taka undir þessa gagnrýni og einkennast viðbrögð þeirra oft af þeirri hugmyndafræði að börn séu varnarlaus og viðkvæm (Mossige og Backe-Hansen, 2013). Að vernda börn er ekki andstæða þess að styðja þau til þátttöku en slíkur stuðningur kallar á að skapaðar séu aðstæður til þátttöku og að beitt sé aðferðum sem henta börnum (Brady, Shaw og Blades, 2012; Fern, 2014; Gunnar E. Finnbogason, 2010; Mossige og Backe-Hansen, 2013). Þó svo að þekking hafi almennt aukist um það

• að vinna með börnum hefur fagfólk sætt gagnrýni fyrir að hafa ekki tileinkað sér fjölbreyttar faglegar aðferðir í þeirri vinnu og eigi því oft í erfiðleikum með að ná til barna (Donnelly, 2010; McLeod, 2007; Soydan og Palinkas, 2014). Að beita viðeigandi faglegum aðferðum krefst þess meðal annars af félagsráðgjöfum að þeir leiti skapandi leiða til að styðja börn til þátttöku (Phelps, 2017; Morrow, 2008). Faglegar aðferðir fela það í sér að börn fái stuðning sem hæfir þroska þeirra. Þeim sé skapað umhverfi og aðstæður sem örva hugmyndir þeirra og hvetja þau á eigin forsendum (Beckett og Taylor, 2010; Corsaro, 2011; Jóhanna Kr. Arnberg Gísladóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Amalía Björnsdóttir, 2015; Lesson, 2007). Lögð hefur verið áhersla á það í vinnu með börnum að beita gagnreyndum aðferðum og hafa félagsráðgjafar verið hvattir til að viðhafa slík vinnubrögð í ríkari mæli, nýta skapandi nálgun og sjónræna skynjun barna til að ná til þeirra (Munro, 2011).

Þátttaka barna í umræðu um erfið málefni

• Þátttaka barna er ekki síst mikilvæg í umræðu um erfið og viðkvæm málefni eins og ofbeldi og fátækt (Vis o.fl., 2011). Sjónarhorn barna, reynsla þeirra og upplifun af erfiðum aðstæðum getur fært fagfólki og stjórnvöldum aukinn skilning á vanda þeirra og opnað ný tækifæri til umbóta (Mossige og Backe-Hansen, 2013).

• Ofbeldi og vanræksla geta leitt til alvarlegra truflana í uppeldinu og í tengslum foreldra og barna. Ofbeldi er vítt hugtak og nær meðal annars til kynferðisofbeldis, tilfinningalegs ofbeldis og eineltis, sem felur einnig í sér það að verða vitni að ofbeldi sem beinist að öðrum (Barnett, Miller-Perrin og Perrin, 2011; Freydís J. Freysteinsdóttir, 2012). Ofbeldi sem á sér stað inni á heimilum hefur víðtæk áhrif á heilsufar, líðan, menntun og tengsl barna við vini og fjölskyldu (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2005; Guðrún Kristinsdóttir, 2014; Steinunn Bergmann, 2010), en er oft vel falið leyndarmál innan fjölskyldunnar. Talið er að á Íslandi verði um 2 til 4 þúsund börn fyrir heimilisofbeldi á ári hverju. Sé tekin lægri talan má ætla að eingöngu sé tilkynnt um slíkt ofbeldi til barnaverndaryfirvalda í um 14% tilfella (Lóvís Arnadóttir, 2011). Það hefur reynst bæði erfitt og flókið að vekja umræðu um þetta málefni og skort hefur rannsóknir þar sem breiður hópur barna tjáir sig (Mossige og Backe-Hansen, 2013).

• Með hugtakinu fátækt barna er átt við það að börn skorti andleg, tilfinningaleg eða efnisleg gæði sem eru þeim nauðsynleg til lífs og þroska (de Neubourg, Chai, de Milliano, Plavgo og Wei, 2012). Í árlegri lífskjara-



rannsókn UNICEF er fátækt skilgreind sem skortur á tveimur eða fleiri þáttum af þeim lífsgæðum sem tilgreind eru í Evrópsku lífshjúðarannsókninni (Lovísa Arnardóttir, 2016). Börn sem búa við fátækt eru oft og tíðum varnarlausari en önnur börn og eru í áhættuhópi meðal annars gagnvart vímuefnaneyslu, félagslegri einangrun og ofbeldi. Eins eru börn sem alast upp við fátækt líklegri til að lifa við fátækt á fullorðinsárum (Chamberlain o.fl., 2016). Við mat á fátækt barna hefur verið stuðst við sjónarhorn barnanna sjálfra, og eru lífshjúð þeirra þannig mæld með áherslu á þarfir hvers og eins þeirra sem einstaklings. Áhersla er fremur lögð á afleiðingar fátæktar fyrir börnin og sýn þeirra á fátækt en á afleiðingar fátæktar fyrir þau í framtíðinni út frá sjónarhorni fullorðinna, og er það í samræmi við samtímaáherslur í bernskufræðum (Guðný Björk Eydal og Cynthia L. Jeans, 2008). Leitast var við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum:

1. Getur samfélagslist nýst félagsráðgjöfum til að styðja börn til aukinnar þátttöku í umræðu um erfið viðfangsefni?
2. eru börn viljug til þess að tjá sig um erfið mál efni líkt og ofbeldi og fátækt?

Aðferð

Rannsóknin fór fram árið 2016. Eigindlegri rannsóknaraðferð var beitt við meðferð gagna. Markmiðið var að skoða hvort samfélagslist getur nýst til þess að styðja börn til þátttöku í umræðu um erfið mál efni. Tilgangurinn er að benda á skapandi leiðir sem félagsráðgjafar gætu nýtt til að styðja börn til aukinnar þátttöku í samfélaginu.

Framkvæmd rannsókna

Rannsóknargögnin voru miðar með rituðum skilaboðum barna sem sóttu listsýninguna *Óskir íslenskra barna*. Sýningin stóð í tvö ár, frá 2014 til 2016, og var gögnum safnað yfir þann tíma. Börnin voru hvött til þess að skrifa á miða skilaboð í formi óskar eftir að hafa skoðað sýninguna. Þau hengdu miðana á „óskatré“ eða settu þá í fuglahús sem var á staðnum. Sýningin var með þessum hætti gagnvirkt ferli því að hugmyndin var alltaf að vinna áfram með upplifun barnanna. Alls voru óskirnar 1.751. Heildarfjöldi miða sem voru metnir nothæfir voru 1.437. Ekki var unnt að lesa af 314 óskýrum miðum sem voru því metnir ónothæfir. Ekki er hægt að fullyrða að hvert barn hafi skrifað á aðeins einn miða en á sumum þeirra voru tvær óskir. Leiða

má líkur að því að yngstu börnin hafi fengið hjálp við að skrifa óskina sína. Gögnin voru afrituð og flokkuð með hliðsjón af rannsóknarspurningunum. Notast var við opna kóðun (e. open coding) og síðan fundin þemu (e. thematic analysis) sem hægt var að lesa úr óskum barnanna. Leitast var við að greina það sem var líkt og ólíkt í óskunum og finna mynstur merkinga sem birtust í gögnunum (Braun og Clarke, 2013).

Þátttakendur

Þátttakendur í rannsókninni voru börn á leik- og grunnskólaaldri sem komu á sýninguna *Óskir íslenskra barna* og skráðu óskir sínar á miða sem þau skildu eftir á sýningarstað. Þótt markhópur sýningarinnar væri fyrst og fremst börn var hún opin almenningi á öllum aldri. Börnin sem skrifuðu óskirnar settu mörg hver aldur sinn á miðann, þó ekki öll. Sá yngsti sem ritaði aldur sinn var þriggja ára og sá elsti sautján ára.

Niðurstöður

Óskir barnanna sem sáu sýninguna *Óskir íslenskra barna* voru margs konar en endurspegluðu flestar einhvers konar ofbeldi og fátækt. Fjöldi óskanna var 1.751 sem bendir til þess að börn hafi þörf til að tjá sig um upplifun sína þótt viðfangsefnið sé bæði erfitt og viðkvæmt. Það kom fram að börnin kunnu að meta sýninguna og það að fá tækifæri til að tjá sig. Eitt barnanna lýsti ánægju sinni með því að óska sér „að allir dagar væru eins og þessi“.

Upplifun barnanna kom stundum fram í formi óskar um að lífið væri öðruvísi en aðrar óskir fólu í sér draum um að vera dýr eða geta flogið. Í fáeinum óskum voru sterk skilaboð sem benda til þess að barnið hafi orðið fyrir grófu ofbeldi. Ósk eins barnsins var þessi: „Ég vildi óska að hann hefði aldrei gyrt niður um mig og aldrei komið við mig.“ Hjá börnunum var hægt að greina sterka þrá eftir því að ofbeldi linnti í samfélaginu. Áberandi voru óskir sem tengdust einelti og fólu í sér ákall um að tekið yrði á einelti og því útrýmt þannig að allir gætu fengið að vera þeir sjálfir. Skilaboð barnanna varðandi fátækt virtust fremur birtast í hugsunum um einhvers konar skort á umhyggju og vináttu.

Óskir barnanna sem fjallað verður um hér eru samtals 838 og endurspeglast í eftirfarandi þemum: 1) Að þurfa ekki að upplifa ofbeldi (258 óskir), 2) að fá að vera maður sjálfur (114 óskir), 3) tengsl og umönnun (258 óskir), 4) að eiga kost á mannsæmandi lífi (208 óskir).



Að þurfa ekki að upplifa ofbeldi

Börn sendu frá sér skýr skilaboð um að þau vilja ekki þurfa að upplifa ofbeldi í samfélaginu, innan fjölskyldu, meðal vina eða persónulega. Margar óskir fólu í sér merki um áhyggjur barnanna af því að friði í heiminum væri ógnað. Mörg barnanna áttu óskir um það að stríð væri ekki til og enginn þyrfti að lifa við þá ógn í samfélögum, og orðuðu óskir sínar þannig:

- Ég vildi að það væru engin stríð, bara friður á JÖRÐ.
- Ég vildi óska að heimurinn væri góður staður fyrir alla.
- Ég vildi óska að ofbeldi gegn börnum væri útrýmt að öllu leyti.

Í óskunum kom fram að þeim fannst ofbeldi hræðilegt og töldu að gæðum heimsins væri misskipt. Margir lifðu við óréttlæti. Margar óskir fjölluðu um að þetta „ógeðslega ofbeldi myndi hætta“ og „að heimurinn væri réttlátur“.

Myndin er frá sýningunni *Óskir íslenskra barna*. Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lögfestur er á Íslandi segir að börn eigi rétt á vernd gegn hvers kyns líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi, misnotkun, skeytingarleysi og vanrækslu, innan eða utan heimilis.



Mynd 1. „Ég sagði hættu, hann hætti ekki“ (13 ára barn segir frá).

Ljósmynd. Ásta Kristjánsdóttir.

Fram komu óskir um að þurfa ekki að upplifa ofbeldi og ágreining innan fjölskyldu sinnar. Það á einkum við ofbeldi sem tengdist foreldrum, eins og sést í eftirfarandi óskum:

- Ég óska að mamma mín væri hætt að öskra.
- Ég vildi óska að ég ætti ekki svona reiða mömmu.
- Ég óska þess að enginn rífast og allir verði góðir vinir.

Óskir sem tengdust vanlíðan vegna áfengisneyslu foreldra voru einnig nokkrar, eins og hér má sjá:

- Ég óska þess að mamma og pabbi hættu að drekka.
- Ég óska þess að pabbi hætti að drekka og byrji að tala við mig aftur.
- Ég óska að mamma og pabbi rífast ekki þegar pabbi drekkur.

Sum börnin óskuðu sér þess að systkin beittu ekki ofbeldi. Eitt barnanna átti sér þessa ósk:

- Ég óska þess að bróðir minn sé ekki svona ofbeldisfullur og verði góður strákur.

Annað óskaði sér:

- Að [...] systir mín mundi hætta að stríða mér og kalla mig hálfvita.

Sýningin vakti upp hugsanir hjá sumum börnunum um einelti og ofbeldi sem þau sjálf höfðu orðið fyrir. Óskir þeirra barna hljóða til dæmis svona:

- Ég vildi óska að enginn myndi skilja mig útundan í skólanum.
- Ég óska þess að enginn gæti meitt mig.

Að fá að vera maður sjálfur

Talsvert af óskunum gaf til kynna að börn upplifðu það að geta ekki verið þau sjálf eða að þeim myndist að aðrir fengju ekki að vera eins og þeir vildu. Þetta þema tengdist oft einelti af einhverju tagi. Börnin óskuðu þess „að það væri ekkert einelti“ eða „að enginn þyrfti að upplifa einelti og ofbeldi“. Þau voru því ekki bara að hugsa um að þau sjálf yrðu ekki fyrir einelti heldur líka að aðrir yrðu ekki fyrir þess háttar ofbeldi. Þessi hugsun endurspegladist til dæmis í þessum óskum:

- Ég óska þess að einelti væri ekki til.
- Ég óska að við stöðvum einelti.

Annað barn sendi þessi skilaboð:

- Þótt að eitthvað sé djók þá getur það líka sært.



Útlit var börnum hugleikið og óskir þeirra beindust sumar að því að vera samþykkt eins og þau eru. Þau óska þess að fólk „hætti að dæma fólk út af útlitinu þeirra“ og nokkur börn vildu falla inn í hinar óskráðu útlitsreglur samfélagsins:

- Ég vildi óska þess að ég væri ekki svona feit.
- Ég óska að ég væri mjór.
- Ég óska mér þess að vera falleg.

Börnin óskuðu þess að virðing væri borin fyrir öllum burtséð frá útliti:

- Ég vildi óska að fólk myndi bera virðingu fyrir öllum sama hvernig það lítur út.

Aðrir óskuðu þess að allir litu eins út til þess að verða ekki fyrir ofbeldi eða einelti:

- Ég óska þess að allir gætu verið eins og allir.

Eitt barnið óskaði þess að hann væri „hraður strákur“ sem gæti vísað til þess að hann upplifði sig ekki nógu sterkan andlega eða líkamlega.

Tengsl og umönnun

Sumar óskir barnanna tengdust einhvers konar skorti á tengslum eða umönnun.

Talsvert af börnunum óskaði þess að vera í betra eða meira sambandi við foreldra sína.

Barn óskaði þess að það þyrfti ekki alltaf að „sakna mömmu eða pabba“. Eitt barnið óskaði sér þess að það væri „alltaf hjá mömmu“ en aðrar óskir lýstu vilja til vera í sambandi við foreldra sína eða heimsækja þá:

- Ég óska að ég ætti gott og heilbriggt samband við pabba minn.
- Ég óska þess að fá að fara heim til mömmu.
- Ég vildi óska að ég gæti hitt alvöru foreldra mína.
- Ég óska þess að ég myndi hitta pabba minn.

Nokkrar óskir voru frá börnum sem höfðu misst föður sinn eða móður:

- Ég óska að pabbi væri lifandi.
- Ég vildi óska að mamma kæmi aftur til lífs.

Allir eigi kost á mannsæmandi lífi

Mörg barnanna óskuðu sér þess að allir gætu átt kost á að lifa mannsæmandi lífi og þyrftu ekki að upplifa fátækt.

Þær óskir barnanna sem fjölluðu um fátækt beindust fyrst og fremst að fátækt annarra og fátækt í fjarlægum

Myndin er frá sýningunni *Óskir íslenskra barna*. Í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem lögfestur er á Íslandi segir að börn eigi rétt á hvíld, tómstundum, leikjum og skemmtunum sem hæfa aldri þeirra, og til fjálsrar þátttöku í menningarlífi og listum.



Mynd 2. „Ég held ekki upp á afmælið mitt af því það er of dýrt. Ég hef ekki haldið upp á það frá því ég var lítill“ (14 barn segir frá).

Ljós. Ásta Kristjánsdóttir.

löndum. Dæmi um slíkar óskir voru:

- Ég vildi að fátækt væri ekki til og að friður ríkti alls staðar.
- Ég vildi að ég ætti mikið af peningum til að hjálpa öðrum.
- Ég óska þess að ég gæti hjálpað fólki sem á ekki heimili.

Þau óskuðu þess að engin börn væru svöng og að öll börn ættu nóg af mat og fötum. Nokkrar óskir fjölluðu um flóttabörn og þá ósk að þau ættu heimili og þyrftu ekki að líða skort:

- Ég óska þess að allir flóttamenn fái heimili.
- Ég óska þess að öll flóttabörnin fái bangsana sína.
- Ég óska þess að allt flóttafólk komist leiðar sinnar.



Umræða

Mikilvægt er að hafa í huga að niðurstöður rannsóknarinnar byggjast á óskum þeirra barna sem skildu eftir óskarmiða eftir að hafa sótt sýninguna *Óskir íslenskra barna*. Ekki er því hægt að ganga út frá því að óskirnar lýsi upplifun allra barna sem komu á sýninguna. Sýningin var vel sótt af nemendum sem komu í fylgd kennara sinna úr mörgum grunnskólum höfuðborgarsvæðisins (Margrét Júlía Rafnsdóttir, verkefnisstjóri Barnaheilla, munnl. heimild, 3. október 2016). Því má reikna með að stéttarstaða sýningargesta hafi verið fjölbreyttari en almennt gerist með gesti listsýninga.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að samfélagslist geti nýst til þess að styðja börn til þátttöku í umræðu um erfið málefni líkt og ofbeldi og fátækt. Skilaboð barnanna gefa til kynna að sýningin hafi náð tilgangi sínum. Hinar fjölbreytilegu óskir lýsa upplifun barnanna og gefa oft skýr skilaboð. Fjöldi barna virðist hafa hugleitt innihald sýningarinnar og viljað koma hugsun sinni og tilfinningum á framfæri.

Mörg barnanna óskuðu sér þess að ofbeldi væri ekki til og er það til marks um að börn geri sér grein fyrir alvarlegum afleiðingum ofbeldis, og séu hæf til þess að taka þátt í umræðunni á eigin forsendum (McLeod, 2007; Vis o.fl., 2011). Ofbeldi á heimilum getur verið vel falið (Steinunn Bergmann, 2010) og benda óskirnir til þess að einhver barnanna sem komu á sýninguna búi við ofbeldi. Þannig getur samfélagslist verið mikilvæg til að auka meðvitund fólks um ofbeldi og efla umræðu um það. Ofbeldi hefur margar birtingarmyndir (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2012). Börnunum fannst mikilvægt að allir gætu verið þeir sjálfir og þyrftu ekki að upplifa stríðni eða einelti ef þeir væru ekki eins og allir aðrir. Þessar óskir báru þess merki að börnum sem hafa orðið fyrir einelti eða orðið vitni að einelti líði illa í kjölfar þeirrar upplifunar. Þetta er í samræmi við fyrri þekkingu um víðtæk og djúp áhrif ofbeldis á börn (Freydís J. Freysteinsdóttir, 2005).

Mörg barnanna virtust upplifa einhvers konar skort. Óskir sem lýstu skorti barnanna sjálfra á veraldlegum gæðum voru þó fáar. Óskir sem lýstu þess háttar fátækt fjölluðu um fátækt annarra, oft í fjarlægum löndum. Óskir barnanna tengdust fremur skorti þeirra á andlegum eða tilfinningalegum gæðum. Fátækt barna hefur, eins og áður hefur komið fram, verið skilgreind sem skortur á veraldlegum, andlegum eða tilfinningalegum gæðum (de Neubourg o.fl., 2012).

Niðurstöðurnar benda til þess að börn séu tilbúin til að ræða og íhuga erfið málefni á borð við ofbeldi og fátækt og að þau vilji koma þeim hugsunum á framfæri

sé þeim skapaður vettvangur til þess. Með því að hlusta á óskir barna og taka mark á þeim er staða barnanna í samfélaginu styrkt. Þannig eru börn viðurkennd sem mikilvægir þátttakendur í mótun samfélags (Guðrún Kristinsdóttir, 2014; Jóhanna Kr. Arnberg Gísladóttir o.fl., 2015).

Samfélagslist sem tæki til að auka þátttöku er skapandi nálgun. Það er mikilvægt að félagsráðgjafar kynnist slíkum aðferðum við að benda á óréttlæti og bága stöðu ákveðinna hópa með það að markmiði að auka meðvitund almennings og bæta stöðu þessara hópa í samfélaginu.

Takmarkanir rannsóknarinnar felast í lítilli vitneskju rannsakenda um þátttakendur. Rannsakendur fengu gestabók frá sýningunni og hugðust reyna með þeim hætti að fá upplýsingar um þátttakendur og hvaðan þeir komu. Ekki var hægt að nýta hana nægilega til þess, og ekki fengust glöggar upplýsingar um heildarfjölda gesta á sýningunni. Einnig er það takmörkun að gögnin voru ekki samfelldur texti heldur einstakar setningar með skilaboðum sem reyndist nokkuð flókið að setja í samhengi. Það er hins vegar styrkleiki rannsóknarinnar að mikill fjöldi barna tjáði hugsanir sínar eftir sýninguna með því að skrifa niður óskir sínar.

Heimildaskrá

- Barnaheill. (2014, 16.12.). *Óskir íslenskra barna í Smáralind*. Sótt 2. janúar 2018 af <http://www.barnaheill.is/Frettir/Frett/oskirislenskrabarnaismaralind>
- Barnett, O., Miller-Perrin, C.L. og Perrin, R.D. (2011). *Family violence across the lifespan: An introduction*. London: SAGE.
- Beckett, C. og Taylor, H. (2010). *Human growth and development*. London: SAGE.
- Brady, K., Shaw, C. og Blades, R. (2012). Involving children and young people in research. Í P. Beresford og S. Carr (ritstj.), *Social care, service users and user involvement* (bls. 226–243). London: Jessica Kingsley.
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. London: SAGE.
- Chamberlain, L.J., Hanson, E.R., Klass, P., Schickedanz, A., Nakhasi, A. og Barnes, M. (2016). Childhood poverty and its effect on health and well-being: Enhancing training for learners across the medical education continuum. *Academic Pediatrics*, 16(3), S155-S162. doi:10.1016/j.acap.2015.12.012
- Corsaro, W.A. (2011). *The sociology of childhood*. Los Angeles: SAGE.
- Donnelly, C. (2010). Reflections of a guardian ad litem on the participation of looked-after children in public law proceedings. *Child Care in Practice*, 16(2), 181–193. doi:10.1080/13575270903493390



- Farley, O.M., Smith, L.L. og Boyle, S.W. (2006). *Introduction to social work*. Boston: Person Education.
- Fern, E. (2014). Child-directed social work practice: Findings from an action research study conducted in Iceland. *British Journal of Social Work*, 44(5), 1110–1128. doi:10.1093/bjsw/bcs099
- Fleming, J. (2012). Service User Involvement – What it is and what it could be: Lessons from the standards we expect project. Í P. Beresford og S. Carr (ritstj.), *Social care, service user and user involvement* (bls. 52–83). London: Jessica Kingsley.
- Freydís J. Freysteinsdóttir. (2005). *Risk factors for repeated child maltreatment in Iceland: An ecological approach*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Freydís J. Freysteinsdóttir. (2012). *Skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd* (2. útg.) Reykjavík: Barnaverndarstofa. Sótt 3. febrúar 2018 af <http://www.bvs.is/media/arsskyrslur/Pall-28.12.12.pdf>
- Guðný Björk Eydal og Cynthia Lisa Jeans. (2008). Börn og fátækt. *Tímarit félagsráðgjafa*, 3, 17–27.
- Guðrún Kristinsdóttir. (2014). Ofbeldi á heimilum. Leitað til barna og unglunga. Í Guðrún Kristinsdóttir (ritstj.), *Ofbeldi á heimili. Með augum barna* (bls. 17–59). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Guðrún Kristinsdóttir og Hervör Alma Árnadóttir. (2015). Hliðvörður – hvert er hlutverk þitt? Þátttaka barna í rannsóknunum. *Netla – Veftímarit um uppleði og menntun*. Sótt 3. febrúar 2018 af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/002.pdf>
- Gunnar E. Finnbogason. (2010). Hlustum við á raddir barna? Í Salvör Nordal, Sigrún Júlíusdóttir og Vilhjálmur Árnason (ritstj.), *Velferð barna, gildismat og ábyrgð samfélags* (bls. 103–113). Reykjavík: Siðfræðistofnun og Háskólaútgáfan.
- Gunnar Helgi Kristinsson. (2014). *Hin mörgu andlit lýðræðis: Þátttaka og vald á sveitarstjórnarstigi*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hammersley, M. (2017). Childhood Studies: A sustainable paradigm? *Childhood*, 24(1), 113–127. doi:10.1177/0907568216631399
- Hart, R.A. (1992). *Children's participation: From tokenism to citizenship*. Flórens: UNICEF. Sótt 3. febrúar 2018 af https://www.unicef-irc.org/publications/pdf/childrens_participation.pdf
- Jóhanna Kr. Arnberg Gísladóttir, Guðrún Kristinsdóttir og Amalía Björnsdóttir. (2015). „Vorðu þið að tala um mig?“. Um nemendavernd í grunnskólum. *Netla – veftímarit um uppleði og menntun*, 1–21. Sótt 3. febrúar 2018 af <http://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/006.pdf>
- Landry, C. (2006). *Culture at the heart of transformation: The role of culture in social and economic development: Lessons learnt from the Swiss Cultural Programme*. London: Comedia.
- Lesson, C. (2007). My live in care: Experiences of non-participation in decision-making processes. *Child and Family Social Work*, 12(3), 268–277. doi:10.1111/j.1365-2206.2007.00499.x
- Lovísa Arnardóttir. (2011). *Staða barna á Íslandi 2011*. Reykjavík: UNICEF á Íslandi. Sótt 3. febrúar 2018 af http://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/unicef_stada_barna_a_islandi_2011_0.pdf
- Lovísa Arnardóttir. (2016). *Réttindi barna á Íslandi: Börn sem líða efnislegan skort*. Reykjavík: UNICEF á Íslandi. Sótt 3. febrúar 2018 af http://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/unicef_rbai.skyrsla.2016_vef_2.pdf
- Lög um samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 19/2013.
- McLeod, A. (2007). Whose agenda? Issues of power and relationship when listening to looked-after young people. *Child and Family Social Work*, 12, 278–286. doi:10.1111/j.1365-2206.2007.00493.x
- Morrow, V. (2008). Ethical dilemmas in research with children and young people about their social environments. *Children's Geographies*, 6(1), 49–61.
- Mossige, S. og Backe-Hansen, E. (2013). For sensitivt for ungdom? Í H. Fossheim, J. Hølen og H. Ingierd (ritstj.), *Barn i forskning – Ethiske dimensjoner* (bls. 45–71). Ósló: De nasjonale forskningsetiske komiteene.
- Munro, E. (2011). *The Munro review of child protection: Final report, a child-centred system*. Norwich: The Stationery office. Sótt 3. febrúar 2108 af https://www.gov.uk/government/uploads/system/uploads/attachment_data/file/175391/Munro-Review.pdf
- de Neubourg, C., Chai, J., de Milliano, M., Plavgo, P. og Wei, Z. (2012). *Step-by-step guidelines to the Multiple Overlapping Deprivation Analysis (MODA)*. Flórens: UNICEF Office of Research.
- Phelps, D. (2017). The voices of young carers in policy and practice. *Social Inclusion*, 5(3), 113–121. doi:10.17645/si.v5i3.965
- Soydan, H. og Palinkas, L.A. (2014). *Evidence-based practice in social work. Development of a new professional culture*. New York: Routledge.
- Steinunn Bergmann. (2010). *Börnum straffað með hendi og vendi. Barnaverndartilkynningar er varða líkamlegt ofbeldi gagnvart börnum*. Reykjavík: Barnaverndarstofa.
- Vis, S.A., Strandbu, A., Holtan, A., & Thomas, N. (2011). Participation and health – a research review of child participation in planning and decision-making. *Child and Family Social Work*, 16(3), 325–335. doi:10.1111/j.1365-2206.2010.00743.x
- Visser-Rotgans, R. og Marques, E. (2014). Partnership and participation: Art in community work. Í A.K. Larsen, V. Sewpaul og G.O. Hole (ritstj.), *Participation in community work: International perspective* (bls. 159–172). Abingdon: Routledge.